

## Siðareglur Brims og dótturfélaga

Hlutverk Brims er að hámarka á ábyrgan hátt verðmæti og arðsemi veiðiheimilda félagsins.

Stefna Brims er að vera samþætt sjávarútvegsfyrirtæki í útgerð, vinnslu og sölustarfssemi sem skilar eigendum arði og starfsfólki eftirsóknarverðu starfsumhverfi. Félagið starfar í sátt við umhverfið og stígur fram af fullri ábyrgð með það að markmiði að tryggja trausta atvinnu og byggð á Íslandi.

Verkefni stjórnenda er að granskoða virðiskeðju félagsins – veiðar, vinnslu, rannsóknir, vöruþróun, markaðssetningu, dreifingu og sölu – í þeim tilgangi að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskistofna til að skapa sem mest verðmæti til skiptanna fyrir starfsfólk, eigendur og íslenskt samfélag.

### 1. Lög og virðing

Við leggjum áherslu á að fara ávallt að lögum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgjum þeim reglum sem Brim setur á hverjum tíma. Við virðum mannréttindi og gætum sérstaklega að virða mannréttindi sem fjalla um félagafrelsi, nauðungar- og þrælkunarvinnu og misrétti á vinnustöðum.

Við sýnum hvort öðru virðingu og líðum ekki óréttlæti s.s. einelti, kynferðislega áreitni eða mismunun vegna ómálefnalegra þátta eins og kynferðis, trúar, kynþáttar eða kynhneigðar. Ef við verðum vör við einelti eða óréttlæti, upplýsum við yfirmenn okkar um það samstundis.

Við tilkynnum yfirmanni okkar ef við verðum vitni að þjófnaði, spillingu eða óreiðu innan félagsins.

Við notum ekki aðstöðu okkar í félaginu, svo Brim beri skaða af. Við misnotum ekki tölvupóst, tölvur, bréfsfni eða nafnspjöld o.fl. með persónulegan ávinning í huga.

### 2. Við gætum trúnaðar

Við erum bundin þagnarskyldu um hvaðeina sem við verðum áskynja í starfi okkar varðandi viðskiptavinum félagsins, sem og um starfsemi Brims. Við vitum að þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Við nýtum okkur ekki trúnaðarupplýsingar til fjárhagslegs ávinnings fyrir okkur sjálf eða aðra. Við förum vel með trúnaðargögn félagsins og gætum þess að þau séu tryggilega geymd.

### 3. Gjafir og hagsmunir

Við tökum ekki við gjöfum eða annars konar greiðslu eða þjónustu, svo sem boðsferðum, skemmtunum, fríðindum eða greiða nema með samþykki yfirmanns. Gildir það um gjafir frá birgjum, þeim sem óska eftir að eiga viðskipti við Brim eða öðrum þeim sem gætu hagnast á ákvörðunum starfsmanna félagsins.

Við forðumst að taka ákvarðanir sem geta skapað hagsmunaárekstra. Meginreglan er að hagsmunir okkar og Brims fara saman. Við þurfum að vera vakandi og taka heiðarlega afstöðu ef sú staða kemur upp að ákvörðun okkar fylgir persónulegur ávinningur og leita álits yfirmanns í öllum vafamálum.

#### **4. Samfélagið og félagsmál**

Við tökum öll þátt í félagsstörfum og sinnum samfélagsmálum. Við viljum láta gott af okkur leiða. Við gætum þess þó að háttsemi utan vinnutíma hafi ekki slæm áhrif á starf okkar eða orðspor Brims. Stjórnendur og yfirmenn Brims þurfa skriflega heimild til þess að stunda launaða vinnu utan félagsins.

#### **5. Góð samskipti**

Til þess að bæta árangur okkar og starfsánægju, fylgjum við samskiptareglum og komum fram við hvert annað eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.